

29. apríl 1985

325

Nr. 178

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum skulu hækka um 7% frá 1. maí að telja frá því sem þær voru í apríl. Bætur samkvæmt 19. gr. skulu þó hækka um 12% frá sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. apríl 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.